

315. fundur Skólanefndar FS

12. september 2012



Mættir: Ingimundur Þ. Guðnason, Ríkhartur Ibsen, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Ösp Birgisdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir og Arnór Svansson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns.
 2. Starfið á haustönn 2012.
 3. Staða og horfur næsta ár.
 4. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Frestað til næsta fundar en fundurinn er ekki löglegur vegna fámennis.

2. Starfið á haustönn 2012.

Skólameistari sagði frá því helsta varðandi starfið á haustönn. Guðlaug Pálsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarskólameistari og Ægir Karl Ægisson áfangastjóri en Elín Rut Ólafsdóttir gegnir hluta af áfangastjórn. Skólameistari sagði einnig frá öðrum breytingum á starfsliði skólans. Nemendur í dagskóla eru 1112, þar af eru 242 nýnemar. Auk þess stunda 105 nemendur úr 10. bekk nám í einstökum áföngum. Ekki er boðið upp á nám í kvöldskóla á þessari önn. Búið er að gera breytingar á stoðkerfi og þá sagði skólameistari frá því helsta varðandi tækjabúnað og húsnæðismál.


3. Staða og horfur næsta ár.

Skólameistari sagði frá stöðu skólans miðað við fjárlagafrumvarp ársins 2013. Útlit er fyrir um 40 milljóna halla á rekstri skólans. Skólameistari taldi ekki hægt að mæta þessum halla án þess að fækka nemendum og starfsfólki. Skólinn hefur fengið styrk til að þróa sjö starfsnámsbrautir og smiðjur.

4. Önnur mál.

- a) Kynningarfundur fyrir foreldra yngri nemenda og aðalfundur foreldrafélags var haldinn 6. september.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari